



Félagshagfræðileg staða og sjálfsmynd ungmenna

Hildur Valgerður Heimisdóttir

Janúar 2013

Meistaraverkefni í Lýðheilsufræði

Höfundur: Hildur Valgerður Heimisdóttir

Kennitala: 101280-3229

Leiðbeinandi: Birna Baldursdóttir

Háskólinn í Reykjavík

Formáli

Rannsókn þessi er lokaverkefni í meistaranámi í Lýðheilsu frá Háskólanum í Reykjavík og telst það til 30 eininga. Rannsóknin byggir á gögnum frá Rannsóknnum og greiningu sem kallast „*Ungt fólk 2010*“. Gögnin eru svör við könnun meðal íslenskra framhaldsskólanema sem gerð var af Rannsóknnum og greiningu árið 2010 og var í formi spurningalista sem var lagður fyrir alla nemendur í framhaldsskólum. Var meðal annars var spurt út í íþróttir og hreyfingu, félagsstarf og tómstundaiðkun og tengsl við foreldra ásamt þeim spurningum sem koma að þessari rannsókn, það er fjárhagsstöðu fjölskyldu ungmennanna, menntun foreldra þeirra, atvinnustöðu og sjálfsmynd ungmennanna.

Það hefur verið mér mikil og dýrmæt reynsla að vinna þetta verkefni og hefði ég ekki getað klárað það nema með dyggri aðstoð leiðbeinanda, vina og vandamanna. Fyrst og fremst vil ég þakka Birnu Baldursdóttur, leiðbeinanda mínum fyrir óteljandi hvatningarorð og trú í minn garð. Einnig vil ég þakka Erlu Hlín Helgadóttur fyrir góða leiðsögn og yfirlestur. Dagmar Dóra Gústafsdóttir, Harpa Þuríður Böðvarsdóttir og Bryngerður Brynngerisdóttir fá einnig kærar þakkir fyrir hvatningu og yfirlestur verkefnisins.

Eiginmanni mínum, Guðmundi Ragnari Björnssyni, færi ég ástarþakkir fyrir óbilandi trú á mér, þolinmæði og stuðning í öllu sem ég tek mér fyrir hendur. Foreldrar mínir og systur fá einnig kærar þakkir fyrir að gera mér það kleift að sinna verkefninu þann tíma sem ég hef þurft. Að lokum vil ég þakka börnunum mínum þremur, Ástrós Lilju, Heimi Berg og Mikael Magna fyrir þolinmæði og skilning á meðan á námi mínu stóð.

Hafnarfjörður, 21. desember 2012

Hildur Valgerður Heimisdóttir

Útdráttur

Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að kanna hvort félagshagfræðileg staða íslenskra ungmenna hefði áhrif á sjálfsmynd þeirra. Notaðar voru meginlegar rannsóknaraðferðir en rannsóknin byggir á könnun frá Rannsóknum og greiningu sem kallast „*Ungt fólk 2010*“. Könnunin var lögð fyrir 10.978 íslensk ungmenni en flest fædd á árunum 1991 til 1994. Kynjahlutfallið var 48,2% strákar og 51,8% stelpur.

Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að íslensk ungmenni séu með meðalgóða sjálfsmynd en hún var metin á Rosenberg sjálfsmatskvarðanum. Talsverður kynjamunur var á ungmennunum þar sem strákar mátu sjálfsmynd sína betri en stelpur. Stelpur mátu að sama skapi fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar verri í samanburði við aðrar íslenskar fjölskyldur. Niðurstöðurnar bentu til þess að sjálfsmynd ungmenna sem sögðu fjölskyldu sína álíka eða betur fjárhagslega stæða miðað við aðrar íslenskar fjölskyldur voru með betri sjálfsmynd en þau sem sögðu fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar vera verri. Ekki var að finna marktækan mun á sjálfsmynd ungmennanna hjá þeim sem sögðu foreldra sína með grunnskólapróf eða minna og þeirra sem sögðu foreldrar sína með háskólamenntun. Þó var marktækan mun að finna á milli þeirra sem sögðu foreldra sína vera með grunnskólapróf eða minna og þeirra sem sögðu foreldra sína vera með framhaldsskólamenntun. Full atvinna foreldra utan heimilisins hafði góð áhrif á sjálfsmynd ungmennanna. Sjálfsmynd ungmennanna var slakari ef foreldrar ungmennanna voru öryrkjar en ef þau væru heimavinnandi, í vinnu eða í skóla.

Abstract

The goal of this study was to explore if the socioeconomic status of Icelandic youth would have an impact on their self-esteem. Quantitative research methods were used, based on a survey done by Rannsóknir and greining called “*Ungt fólk 2010*“. The survey was submitted by 10.987 individuals of whom most were born between the year of 1991 and 1994. The gender ratio was 48,2% male and 51,8% female.

The results of this study indicated that the Icelandic youths had a good self-esteem, which was evaluated on the Rosenberg's Self-esteem scale. A substantial gender difference was detected as boys indicated a much higher self esteem than the girls. Girls also estimated the financial status of their family to be poorer than the boys. Those youths who estimated the financial status of their family to be good scored higher on the self-esteem scale. There was not a significant difference between the self-esteem for the group whose parents had only elementary education and the group whose parents had tertiary education. There was however a significant difference between the self-esteem of youths that had parents with elementary education or less and youths that had finished secondary education. Full employment status of the parents had good influence on the youth's self-esteem but if the parent had a disability it had a significant influence on the self-esteem for the worse.

Efnisyfirlit

Inngangur	7
1.1. Sjálfsmynd.....	9
1.1.1. Mat á sjálfsmynd	10
1.2. Félagshagfræðileg staða	11
1.2.1. Mat á félagshagfræðilegri stöðu.....	12
1.3. Ójöfnuður á Íslandi	13
1.3.1. Áhrif fjármálakreppunnar á fjárhagsstöðu íslenskra heimila	15
1.4 Tengsl sjálfsmyndar og félagshagfræðilegrar stöðu	16
1.4.1 Erlendar rannsóknir	16
1.4.2 Íslenskar rannsóknir	17
2.0 Aðferðir og gögn.....	21
2.1 Markmið og rannsóknarspurning	21
2.2 Framkvæmd.....	21
2.3 Þátttakendur.....	22
2.4 Mælitæki	23
2.5 Úrvinnsla	25
3.0 Niðurstöður.....	26
3.1 Sjálfsmynd.....	26
3.2. Fjárhagsstaða fjölskyldunnar	27
3.2.1. Fjárhagsstaða fjölskyldunnar og sjálfsmynd ungmennanna	27
3.3.Menntun foreldra.....	28
3.3.1. Menntun foreldra og Sjálfsmynd ungmennanna	28
3.4. Atvinnustaða foreldra.....	29
4.0 Umræður.....	32
5.0 Lokaorð	35
6.0 Heimildaskrá	36
7.0 Viðaukar	42

Töfluskra

Tafla 1. Aldur og kynjahlutfall þátttakenda í rannsókninni	22
Tafla 2. Meðaltalsskor ungmennanna á sjálfsmynd eftir kyni	26
Tafla 3. Sjálfsmat ungmennanna á Rosenberg sjálfsmyndarkvarðanum	27
Tafla 4. Svör ungmenna um menntun foreldra þeirra eða forráðamanna	28
Tafla 5. Atvinnustaða föður	29
Tafla 6. Atvinnustaða móður.....	30

Myndaskra

Mynd 1. Hversu vel fjárhagslega stæða telurðu að fjölskylda þín sé miðað við aðrar fjölskyldur?	27
--	----

Viðaukaskra

Viðauki I. Stigafjöldi á sjálfsmyndarkvarða Rosenbergs. Hlutfall eftir kyni.	42
Viðauki II. Post Hoc próf, aðferð Bonferroni, fyrir fjárhagsstöðu fjölskyldunnar og sjálfsmynd ungmennanna.....	43
Viðauki III. Post Hoc próf, aðferð Bonferroni, fyrir menntun foreldra og sjálfsmynd ungmennanna.....	44
Viðauki IV. Post Hoc próf, aðferð Bonferroni, fyrir atvinnustöðu föður og sjálfsmynd ungmennanna.....	45
Viðauki V. Post Hoc próf, aðferð Bonferroni, fyrir atvinnustöðu móður og sjálfsmynd ungmennanna.....	47

Inngangur

Ójöfnuður í tekjum tengist ójöfnuði í heilsu og hafa rannsóknir ítrekað sýnt fram á línulegt samband á milli þessara tveggja þátta (Marmot og Wilkinson, 2006; Wilkinson, 1996). Þar sem tekjujöfnuðurinn er mestur, býr fólk við besta heilsufarið (Wilkinson, 1996). Heilbrigði barna er mjög mikilvægt fyrir framtíð og heilsu þjóðar, þar sem að börn alast upp til að verða næsta kynslóð foreldra og vinnuafis auk þess að heilbrigði á uppvaxtarárum leggur grunninn að heilbrigði á fullorðinsárum (World Bank, 2003). Heilbrigði á uppvaxtarárum er samspil af líffræðilegri þróun og félagsumhverfislegum þáttum.

Fátækt er líkleg til að hafa áhrif á heilsu barna og ungmenna, þroska, námsárangur, framtíðarvæntingar, sjálfsmynd, sambönd, áhættuhegðun og atvinnumöguleika (Unicef, 2011). Efnahagsleg fatækt ein og sér er ekki fullgildur mælikvarði á velferð þeirra og er því þörf á margþættri nálgun til að mæla velferð svo hægt sé að bæta skilning, greiningu og virkni í þágu aukinnar velferðar.

Samantekt sem Wilkinson og Pickett (2006) gerðu á 155 rannsóknum á ójöfnuði þjóðríkja sýndi að ef ójöfnuður er til staðar eru auknar líkur á að eftirtaldir þættir birtist í viðkomandi þjóðfélögum; verra heilsufar, hærri dánartíðni, meiri offita, hærri tíðni meðgöngu hjá unglingum, hærri tíðni geðraskana, verra læsi, verri námsárangur og aukin samfélagsvandamál svo sem aukin morðtíðni, frekari fangelsun, minna traust, minni félagsauður og meiri kynþáttafordómar.

Evrópudeild alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) tók saman skýrslu um mikilvægustu þætti sem varða velferð ungmenna sem ættu að auðvelda þjóðum að bæta stefnur til að standa vörð um og bæta velferð ungmenna (WHO, 2011). Sameiginlegur galli heilbrigðisáætlana er snúa að ungmennum er sá að litíð er á ungmenni sem einsleitán hóp. Alltof oft taka áætlanir ekki tillit til þeirra staðreynda að munur er á stelpum og strákuum, þegar heilsufarsógnanir eins og þunglyndi, líkamlegir skaðar, vímuefnaneysla, átraskanir, kynsjúkdómar, ofbeldi og sjálfsvíg eru skoðuð. Kynin verða fyrir mismunandi áhrifum eftir félagshagfræðilegri stöðu, bæði í nær- og fjærumhverfi og eftir kynþætti (WHO, 2011). Til að tryggja það að allir, óháð aldri eða kyni, hafi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu og jafnræði til heilsu („health equity“) verða stefnumótendur að horfast í augu við það að kynin eru ólík þegar kemur að þessum þáttum (WHO, 2011).

Í þessari rannsókn verður sjálfsmynd ungmenna skoðuð út frá félagshagfræðilegri stöðu fjölskyldu þeirra.

Í fyrsta kafla verður farið yfir skilgreiningar á sjálfsmynd ungmenna og rætt um það hvernig er best að meta sjálfsmyndina ungmenna. Einnig verður farið yfir félagshagfræðilega stöðu, hvernig hún er metin og hvernig staðan er á ójöfnuði á Íslandi. Farið verður yfir áhrif fjármálakreppunnar á fjárhag íslenskra heimila og að lokum verða tengsl félagshagfræðilegrar stöðu á sjálfsmynd ungmenna skoðuð, þar sem farið verður yfir erlendar og innlendar rannsóknir á málaflokknum.

Í öðrum kafla verður farið yfir þær aðferðir og gögn sem notuð voru í rannsókninni. Farið verður yfir markmið rannsóknarinnar og rannsóknarspurningu ásamt rannsóknartilgátum. Framkvæmd rannsóknarinnar verður gerð skil og rætt verður um mælitæki og úrvinnslan útskýrð.

Í þriðja kafla verður farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar. Mat ungmennanna á sjálfsmynd sinni og mat þeirra á fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar verða rædd. Menntun og atvinnustaða foreldra verða einnig skoðuð, þar sem að þessir þættir eru, ásamt fjárhagsstöðu fjölskyldunnar, taldir hvað mikilvægastir til að mæla félagshagfræðilega stöðu.

Í fjórða kafla verða umræður um niðurstöður rannsóknarinnar sem verða bornar saman við fyrri rannsóknir og verða að lokum dregnar saman í lokaorðum ritgerðarinnar.

1.1. Sjálfsmynd

Íslenskan hefur líkt og um önnur hugtök að geyma mörg orð um það hvernig einstaklingur metur sjálfan sig. Orð eins og sjálfsmynd, sjálfsálit, sjálfsvirðing og sjálfskennd geta öll átt við í því samhengi. Engilsaxneskan hefur einnig mörg orð yfir sama hugtakið og sem dæmi má nefna „self-concept“, „self-evaluation“, „self-respect“ og „self-confidence“. Í þessari rannsókn verður notast við hugtakið „self-esteem“ sem útlegst á íslensku sem *sjálfsmynd*.

Algeng skilgreiningin á sjálfsmynd er: „*Umfang þess sem einstaklingur metur sjálfan sig, virðir, samþykkir eða líkar við sjálfan sig*“ eða „*heildar tilfinningarlegt mat á sjálfum sér, virði og mikilvægi*“ (Blascovich og Tomaka, 1991).

Til eru margar tilgátur um upphaf hugtaksins sjálfsmyndar en William James (1890) sem var brautryðjandi amerískur sálfræðingur og heimspekingur taldi að sjálfsmyndin myndaðist út frá uppsafnaðri reynslu þar sem fólk þróaði með sér markmið eða væntingar. Hann vildi meina að sjálfsmyndina mætti finna út með því að deila árangri með væntingum („Self-esteem = Success/preensions“).

Góð sjálfsmynd getur haft margt jákvætt í för með sér og er talið er að góð sjálfsmynd ungmenna hafi ákveðið forspárgildi fyrir farsæld einstaklingsins seinna í lífinu (Andrews, 1998). Dæmi má nefna að þeir sem hafa góða sjálfsmynd eiga síður við hegðunaryvandamál að stríða (Dumont og Provost, 1999). Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á jákvæða fylgni á milli góðrar sjálfsmyndar og námsárangurs (El-Anzi, 2005). Einstaklingar með góða sjálfsmynd eru álitnir hamingjusamir og andlega heilbrigðir (Taylor og Brown, 1988). Þegar einstaklingur þroskast, elst hann ekki einungis upp við að skilja betur sjálfan sig heldur metur hann hvaða eiginleika hann hefur að bera (Brown, 1998). Þegar einstaklingur nálgast unglingsárin breytist mat hans á eigin verðleikum og fer að beinast í auknum mæli að því hvernig hann er metinn af fólki í kringum sig; félögum og foreldrum (Shaffer og Kipp, 2007). Ungur einstaklingur sem að fær góðan stuðning frá félögum sínum og foreldrum er líklegri til að hafa betri sjálfsmynd og hegðunarerfiðleikar verða síður til staðar (Dubois ofl., 2002). Unglingsárin eru álitin mikilvægur tími til þróunar sjálfsmyndar sérstaklega þar sem einstaklingur sem nálgast fullorðinsárin óðfluga hugsar um ábyrgðarhlutverk sín í lífinu (Leffert og Petersen, 1995; Shaffer og Kipp, 2007).

Einstaklingur með góða sjálfsmynd líður betur með sjálfan sig, á auðveldara með að mæta mótstöðu í lífinu og sæta gagnrýni (Baumeister og Leary 1995). Hann lifir í samfélagi þar sem hann trúir því að samferðafólk hans kunni að meta hann og virða. Þvert á móti sér einstaklingur með slaka sjálfsmynd heiminn í gegnum neikvæða linsu. Hugsanir einstaklings sem eru neikvæðar í eigin garð lita álit hans á öðru fólki og aðstæðum í hans lífi.

Samkvæmt Boden, Ferguson og Horwood (2008) getur slæm sjálfsmynd ýtt undir andleg veikindi líkt og þunglyndi, kvíða og sjálfmorðshugsanir. Einnig getur slök sjálfsmynd orðið til þess að ungmenni séu líklegri til þess að hefja fíkniefnanotkun (Wild, Flisher, Bhana og Lombard, 2004), en þeir sem eru með góða sjálfsmynd (Carvajal, Clair, Nash og Evans, 1998).

Rannsóknir gefa til kynna að munur sé á sjálfsmynd hjá kynjunum þar sem hún mælist slakari hjá stúlkum en strákuum (Robins og Trzesniewski, 2005; Bagley, Bolitho og Bertrand, 1997). Sjálfmynd stelpna verður meira fyrir áhrifum af persónulegum samböndum en hjá strákuum. Hjá strákuum virðist hins vegar hlutlægur árangur skipta meira máli (Heatherton og Wyland, 2003). Í rannsókn frá árinu 2010 á sambandi milli sjálfsmyndar og líkamsímyndunar kom í ljós að félagshagfræðileg staða hafði ekki eins mikið áhrif á sambandið hjá strákuum og hjá stelpum (Van den Berg, Mond, Eisenberg, Ackard og Neumark-Sztainer, 2010). Þannig að því slakari sem félagshagfræðileg staða stelpnanna var, því líklegra var að þær sýndu tengsl milli slakrar sjálfsmyndar og slæmrar líkamsímyndunar. Sjálfsmyndin var metin út frá sjálfsmatskvarða Rosenbergs, líkamsímyndin var metin út frá sjálfsmatskvarða sem nefnist Body Dissatisfaction Scale og félagshagfræðilega staðan út frá menntun og atvinnu foreldrana.

1.1.1. Mat á sjálfsmynd

Margir hafa reynt að setja fram sjálfsmatskvarða en fáum hefur tekist það nógu vel til að þeir hafa verið taldir marktækir (Heatherton og Wyland, 2003). Demo (1985) taldi að sjálfsmatskvarðinn sem Morris Rosenberg setti fram árið 1965 væri einn af þeim bestu og er sjálfsmatskvarði Rosenbergs sá sjálfsmatskvarði sem er mest notaður til að mæla víðtæka sjálfsmynd („Global self-esteem“) (Demo, 1985; Bagley, Bolitho og Bertrand, 1997). Víðtæk sjálfsmynd snýr að jákvæðu eða neikvæðu viðhorfi einstaklingsins almennt til sjálfs sín (Rosenberg, Schooler, Schoenbach og Rosenberg, 1995). Samkvæmt Heatheron og Polivy

(1991) er einnig hægt að skipta sjálfsmyndinni niður í þrjá meginflokka. Þessir flokkar eru frammistöðu sjálfsmynd („Performance Self-esteem“) þar sem einstaklingur með góða frammistöðu sjálfsmynd trúir því að hann sé klár og hæfur einstaklingur. Félagsleg sjálfsmynd („Social Self-esteem“), þar sem einstaklingur sem hefur góða félagslega sjálfsmynd álitur að fólkið í kringum hann kunni að meta hann og líkamleg sjálfsmynd („Physical Self-esteem“) sem vísar til þess hvernig einstaklingurinn álitur líkamlega burði sína vera, líkt og hæfni sína í íþróttum, hversu aðlaðandi honum finnst hann vera og hvernig hann álitur litarhátt sinn og kynþátt („ethnicity“) sinn vera.

Einstaklingar hafa ákveðna varnarhætti („Self-protective Mechanisms“) þegar þeir meta sjálfsmynd sína (Twenge og Campbell, 2002). Einstaklingur með slaka félagshagfræðilega stöðu getur upphafið sjálfsmynd sína með því að kenna aðstæðum um stöðu sína (Campbell og Sedikides, 1999). Einstaklingar gætu líka hækkað sjálfsmat sitt með því að bera sig saman við þá sem eiga minni velgengi að fagna, burtséð frá þeirri félagshagfræðilegu stöðu sem þeir búa við (Wills, 1981). Eins gæti einstaklingur sem býr við slaka félagshagfræðilega stöðu haft góða sjálfsmynd, þar sem hann ber sig saman við þá sem hafa það verr en hann í samfélaginu (Crocker og Major, 1989). Þetta getur til dæmis útskýrt af hverju blökkumenn greina frá hærri sjálfsmynd en þeir sem eru hvítir (Gray-Little og Hafdahl, 2000; Twenge og Crocker, 2002). Eldri börn og ungmenni myndu nýta sér til fullnustu slíka varnarhætti þar sem þau hafa þroskann til að vita að þau bera ekki ábyrgð á félagshagfræðilegri stöðu sinni (Twenge og Campbell, 2002). Einstaklingar sem finnast þeim hafi verið úthlutað stöðu sinni í stað þess að hafa unnið sér hana inn eru mun líklegri en aðrir til að nota slíka varnarhætti (Crocker og Major, 1989).

1.2. Félagshagfræðileg staða

Félagshagfræðileg staða („Socioeconomic Status“) fólks segir til um það hvernig það er stætt í samanburði við aðra í því samfélagi sem það býr. Hér á eftir verður farið yfir það hvernig hægt er að skilgreina félagshagfræðilega stöðu og niðurstöður rannsókna á tengslum milli félagshagfræðilegrar stöðu og sjálfsmynda.

1.2.1. Mat á félagshagfræðilegri stöðu

Þrátt fyrir að félagshagfræðileg staða hafi verið víða rannsökuð virðist enn vera ágreiningur um hvernig skal meta hugtakið, sérstaklega er kemur að rannsóknum á börnum og ungmennum (Bornstein og Bradley, 2003). Mueller og Parcel (1981) vildu meina að félagshagfræðileg staða ætti að útskýra hvar fjölskylda eða einstaklingur raðast í samfélaginu að teknu tilliti til auðæfa, valds og félagslegrar stöðu. Samkvæmt Hauser og Warren (1997) eru eftirtaldir þættir taldir bestir til að meta félagshagfræðilega stöðu ungmenna:

1. *Tekjur foreldra* sem mælitæki á félagshagfræðilegri stöðu en þær endurspeglar möguleika ungmennisins til félagslegra- og fjárhagslegra úrræða.
2. *Menntun foreldra* gefur vísbendingar um tekjur þeirra. Þetta er talin ein stöðugusta útskýring félagshagfræðilegrar stöðu vegna þess að menntun verður yfirleitt til frekar snemma á lífsleiðinni og helst einnig í lengri tíma.
3. *Atvinna foreldra* fer eftir menntun þeirra og tekjur verða til vegna tiltekinnar menntunar.

Fjórði þátturinn, *útbúnaður heimilisins* („home resources“), hefur á síðustu árum bæst við til að meta félagshagfræðilega stöðu ungmenna. Rannsakendur hafa undanfarið lagt meiri áherslu á þennan þátt til að meta félagshagfræðilega stöðu fjölskyldunnar. Útbúnaður heimilisins getur verið til dæmis bækur og tölvur (Brooks-Gunn og Duncan, 1997). Þó þessir þættir séu algengastir til mælingar á félagshagfræðilegri stöðu getur einn af þeim haft meiri áhrif á sjálfsmynd einstaklings en hinir (Twenge og Campbell, 2002).

Félagshagfræðileg staða er þeim sem rannsaka þroska barna mikið áhugaefni. Þessi áhugi er tengdur þeirri trú að foreldrar með betri félagshagfræðilega stöðu geti veitt börnum sínum veraldlega hluti, félagslega þjónustu („services“) og félagsleg tengsl börnum sínum til framdráttar (Brooks-Gunn og Duncan, 1997). Þegar börn sem búa við slaka félagshagfræðilega stöðu eiga við heilsufarskvilla að stríða geta afleiðingarnar oft verið meiri en hjá þeim sem eru betur stæð (Parker, Green og Zuckerman, 1988).

Goodman (1999) komst að þeirri niðurstöðu að félagshagfræðileg staða tengdist þunglyndi og offitu ungmenna. Þá eru þau ungmenni sem lifa við slaka félagshagfræðilega stöðu líklegri til að stunda áhættuhegðun (Brooks-Gunn og

Duncan, 1997). Rannsókn þeirra Luthar og Latendresse frá árinu 2005 leiddi í ljós að ungmenni sem búa við góða félagshagfræðilega stöðu eiga við meiri heilsufarslega erfiðleika að etja sökum of mikilla anna en er þar verið að vísa í kvíða, þunglyndi og það að eiga frekar á hættu að verða vímuefnum að bráð (Luthar og Latendresse, 2005a). Of mikill þrýstingur á að standa sig vel og einangrun frá foreldrum vegna of mikilla anna geta valdi slíkum einkennum. Í annarri rannsókn frá Luthar og Latendresse (2005b) kom í ljós að þvert á það sem áður hafði verið talið greindu ungmenni sem búa við mjög góða félagshagfræðilega stöðu frá því að foreldrar þeirra væru álíka andlega og líkamlega fjarverandi og foreldrar þeirra sem bjuggu við slakari félagshagfræðilega stöðu (Luthar og Latendresse, 2005b). Nálægð við foreldrana hafði góð áhrif á ungmennin en gagnrýni af þeirra hálfu hafði að sama skapi slæm áhrif á ungmennin. Fjarvera foreldris, til dæmis á kvöldmatartíma, jók á líkurnar á verri námsárangri bæði hjá þeim sem bjuggu við góða félagshagfræðilega stöðu og slæma.

Tengsl voru á milli slaks námsárangurs ungmenna og lágrar greindarvísitölu annarsvegar og fátæktar og lágs menntunarstigs foreldra hins vegar í rannsókn þeirra Bradley og Corwyn (2005). Börn sem búa við lága félagshagfræðilega stöðu sýna oftast einkenni sálfræðilegra raskana og félagslegra erfiðleika en þau börn sem búa við betri aðstæður.

1.3. Ójöfnuður á Íslandi

Sú lífsseiga goðsögn að á Íslandi ríki engin stéttaskipting og að allir hafi sömu möguleika á velgengni og til metorða var afsönnuð í grein eftir þá Þorbjörn Broddason og Keith Webb (1975) sem þeir birtu í Acta Sociologica. Sýndu þeir fram á að stærsti hluti embættismanna kom úr efri stéttum þjóðfélagsins. Í efstu stétt voru háttsettir ráðamenn, fagaðilar, sjálfstæðir atvinnurekendur, kaupsýslumenn og svokallaðir „hvítflibbar“ (Broddason og Webb, 1975).

Guðmundur Ævar Oddson (2010) skoðaði í grein sinni könnun sem hann gerði á stéttarvitund Íslendinga í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Bentu niðurstöðurnar til þess að stéttarvitund á Íslandi sé tölverð og hafa Íslendingar gert sér í hugalund um hvaða þjóðfélagsstétt þeir tilheyra. Flestir þátttakenda í könnuninni töldu sig tilheyra neðri millistétt (46%) eða efri millistétt (35%), en

einungis 16% töldu sig tilheyra verkastétt. Athygli vakti að mjög fáir töldu sig tilheyra undirstétt (2%) eða yfirstétt (1%).

Þróun tekjuskiptingar er mikilvæg (Wilkinson og Pickett, 2009). Þegar hún er jöfn eða helst lítið breytt á hagsældarskeiði bendir hún til þess að allir þjóðfélagshópar njóti skeiðsins með svipuðum hætti í hlutfalli við tekjur sínar. Tekjuskiptingin hefur einnig pólitíska og samfélagslega þýðingu sem skapar tilfinningu fyrri réttlæti og sanngirni í þjóðfélaginu. Ójöfnuður af þessu tagi er góð vísibending um umfang margvíslegra vandamála í samfélaginu, líkt og fátækt, lélegt heilsufar, lélegri menntun, hærri glæpatíðni og færri tækifæri.

Til að mæla ójöfnuð í samfélögum hefur Gini stuðullinn verið notaður en hann er metinn á skalanum frá 0 til 100 (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2012) en þegar Gini stuðullinn er 0,00 hafa allir jafnar tekjur en þegar hann er 100,00 er einn aðili hefur allar tekjurnar. Á Vesturlöndum er ekki óalgengt að Gini stuðullinn sé í kringum 20 til 35. En þar sem mikill ójöfnuður ríkir er hann oft á bilinu 40 til 55 eins og dæmi hafa sýnt í Suður-Ameríku. Þannig geta litlar breytingar á Gini stuðlinum þýtt miklar breytingar á ójöfnuði. Gini stuðullinn á Íslandi var 24,1 árið 2004, þegar mælingar hófust hér á landi, en 23,6 árið 2011 og hefur hann ekki verið lægri frá upphafi mælinga. Árið 2007 var Gini stuðullinn 28,0 en árið 2009 var hann 29,6 og hafði ójöfnuður því aukist töluvert á þessu tímabili (Hagstofa Íslands, 2012a).

Í evrópskum samanburði árið 2010 var Ísland í áttunda sæti þegar ríkjum var raðað eftir jöfnuði samkvæmt Gini stuðlinum en það árið stóð hann í 25,8 á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2012a). Af hinum Norðurlöndunum var Noregur með lægsta stuðulinn 23,6 en hæstur var hann í Litháen, eða 36,9.

Lágtekjumörk („At-risk-of-poverty rate“) í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna í landinu (Hagstofa Íslands, 2012a). Ráðstöfunartekjur („disposable income“) eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum. Lágtekjumörkin á Íslandi árið 2011 voru 153.600 krónur á einstakling sem býr einn. Þannig eru mörkin 322.500 krónur fyrir heimili þar sem tveir fullorðnir og tvö börn undir 14 ára búa (Hagstofa Íslands, 2012a). Sama ár voru rúmlega 40.000 landsmanna, eða 13,6% undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun („At risk of poverty or social exclusion“). Til að flokkast í hóp þeirra sem eiga hættu á félagslegri einangrun verður einstaklingur að vera undir lágtekjumörkum, hafa

lent í vanskilum með lán, hafa ekki efni á fríi með fjölskyldunni, búa við verulegan skort á efnislegum gæðum (hafa ekki efni á farsíma, heimasíma, sjónvarpstæki, þvottavél, bíl og/eða hita) og/eða búa á heimilum þar sem vinnuþátttaka er mjög lítil (Hagstofa Íslands, 2012a). Árið 2011 bjuggu 2% landsmanna við verulegan skort á efnislegum gæðum og 6% landsmanna bjuggu á heimilum þar sem vinnuþátttaka var mjög lág (Hagstofa Íslands, 2012a). Meðal atvinnulausra voru 21.8% fyrir neðan lágtekjumörk og þeir sem bjuggu í leiguhúsnæði voru í 22% tilfella fyrir neðan lágtekjumörk í samanburði við 6% þeirra sem áttu eigið húsnæði. Þeir sem bjuggu einir eða voru einstæðir foreldrar voru í mestri hættu á að lenda undir lágtekjumörkum.

1.3.1. Áhrif fjármálakreppunnar á fjárhagsstöðu íslenskra heimila

Í kjölfar bankakreppunnar árið 2008 fylgdi efnahagskreppa sem er önnur stærsta samdráttarkreppa lýðveldisins (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2012). Þjóðarframleiðslan dróst saman um 10% á árunum 2008 til 2010 sem var fimmti mesti samdráttur á vesturlöndum en Eystrasaltlöndin þrjú og Írland urðu fyrir meiri samdrætti. Í kjölfar hrunsins dróst einkaneyslan meira saman en dæmi hafa verið um á lýðveldistímanum. Orsökina var kjaraskerðing sem varð í kjölfar gengisfalls íslensku krónunnar sem olli því að kaupmáttur ráðstöfunartekna rýrnaði með hækkandi verðlagi, auknu atvinnuleysi, launalækkunum og vaxandi skuldabyrði heimilanna.

Í skýrslu sem gerð var af Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands fyrir Velferðaráðuneytið um úttekt á stöðu lágtekjuhópa í kreppunni og hvernig stjórnvöldum hafði tekist að vinna úr henni, kom í ljós að kjaraskerðing sem hlaust af því að fjármálakerfið hrundi var óvenju stór og átti sér ekki hliðstæðu í sögu íslenska lýðveldisins (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2012). Meðalrýrnun ráðstöfunartekna heimilanna, þar sem áhrif aukinnar greiðslubyrði skulda var tekin með í reikninginn var 27%. Kjaraskerðing hjá millitekjufólki var 14%, en hjá þeim lægst launuðu 9%. Hjá 10% tekjuhæstu var kjaraskerðingin mest, eða um 38% og vógu þar þyngst áhrif vegna hærri tekjuskatts og minni fjármagnstekna. Kaupmáttur meðallauna lækkaði um 12% frá árinu 2008 til 2010 (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2012). Einkaneysla dróst saman þegar kom að vöru og þjónustu sem telst ekki til brýnna nauðsynja líkt og ferða erlendis og innanlands, bílakaupa, tómsunda og

afþreyingar, fata-, húsgagna- og húsbúnaðarkaupa (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2012).

Þeim einstaklingum sem áttu auðvelt með að ná endum saman um hver mánaðarmót fækkaði stöðugt og að sama skapi fjölgaði þeim sem áttu erfitt með að ná endum saman (Hagstofa Íslands, 2011a). Fólk á aldrinum 30 til 39 ára átti í 59,4% tilfella erfitt með að eiga fyrir útgjöldum sínum en fólk á aldrinum 40 til 49 ára átti í 57,4% tilfella erfitt með að ná endum saman (Hagstofa Íslands, 2011b). Til samanburðar má þess geta að árið 2004 áttu 47,3% fólks á aldrinum 30 til 39 ára erfitt með að ná endum saman en aðeins 27,7% árið 2007 (Hagstofa Íslands, 2011a).

1.4 Tengsl sjálfsmyndar og félagshagfræðilegrar stöðu

Tengsl sjálfsmyndar og félagshagfræðilegrar stöðu hafa víða verið rannsakaðar erlendis (Twenge og Campbell, 2002) en skortur er á rannsóknum á tengslum hér á landi. Hér á eftir verður því farið yfir erlendar rannsóknir um tengslin þar á milli og fjallað um íslenskar rannsóknir um málefni sem geta gefið vísbendingar um hver staðan er hér á landi.

1.4.1 Erlendar rannsóknir

Þeir sem búa við slakari félagshagfræðilegri stöðu hafa einnig tilhneigingu til að búa yfir slakri sjálfsmynd (Twenge og Campbell, 2002; Rosenberg og Pearlin, 1978). Þegar rannsóknir eru teknar saman kemur í ljós að marktæk jákvæð tengsl á milli félagshagfræðilegrar stöðu og sjálfsmyndar er að finna á öllum æviskeiðum (Twenge og Campbell, 2002). Minni tengsl eru á milli sjálfsmyndar og félagshagfræðilegrar stöðu hjá börnum en fullorðnum en tengslin verða sterkari með hækkandi aldri.

Þar sem félagshagfræðileg staða er vísbending um hvar einstaklingur er staðsettur í samanburði við aðra í samfélagi sínu ætti sjálfsmynd að hækka í takt við batnandi félagshagfræðilega stöðu (Rosenberg og Pearlin, 1978), þannig að ef einstaklingur þráir að bæta stöðu sína og tekst ætlunarverk sitt ætti sjálfsmynd hans að hækka (Pelham og Swann, 1989).

Tengsl á milli félagshagfræðilegrar stöðu og sjálfsmyndar breytist yfir æviskeiðin (Twenge og Campbell, 2002). Tengslin eru frekar lítil í grunnskóla og aukast svo hægt í framhaldsskóla og háskóla en aukast töluvert hjá ungum

einstaklingum og enn meira hjá fólki á miðjum aldri. Þegar einstaklingur hefur lokið starfsævi sinni og er farinn á eftirlaun minnka tengslin aftur, þar sem þeir telja ekki atvinnustöðu og innkomu sína hafa áhrif á sjálfsmynd sína (Twenge og Campbell, 2002). Börn og ungmenni hafa ekki unnið sér inn félagshagfræðilega stöðu sína heldur hafa þau erfitt hana frá foreldrum sínum (Rosenberg og Pearlin, 1978). Félagshagfræðileg staða fullorðinna endurspeglar þeirra eigin árangur; menntun þeirra, atvinnu og tekjur. Félagshagfræðileg staða barna og ungmenna ætti því að hafa minni áhrif á sjálfsmynd þeirra en hún hefur á sjálfsmynd fullorðinna.

Árið 1996 var gerð samanburðarrannsókn á áhrifum atvinnuþátttöku foreldra á Norðurlöndunum (Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi) á líkamlega- og andlega heilsu barna þeirra (Pedersen og Madsen, 2002). Börnin voru á aldrinum tveggja til sautján ára, skipt niður í aldurshópana 2 til 6, 7 til 12 og 13 til 17. Sjálfsmynd barnsins var metin með svari foreldris eða stjúeforeldris. Spurt var um hvort að barnið væri í eðli sínu sjálfsætt eða háð umönnunaraðila sínum, óvirkt eða virkt, einmanna eða ekki, eirðarlaust eða rólegt, þunglynt eða hamingjusamt og kvíðinn eða öruggt. Foreldrarnir mátu hvern þátt á bilinu 1 til 7 og var hæsta skor 42 (7x6). Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að á heimilum þar sem foreldrarnir voru hvorugir í vinnu sex mánuðum áður en rannsóknin fór fram greindu foreldrarnir frekar frá lakari andlegri- og líkamlegri heilsu barna þeirra en í fjölskyldum þar sem að minnsta kosti annað foreldrið var í vinnu. Börn foreldra í stjúpfjölskyldum sýndu frekar líkamlega veikleika, krónísk veikindi og slaka sjálfsmynd en börn foreldra í hefðbundnum fjölskyldum. Börn sem áttu einstætt foreldri sýndu einnig frekar líkamlega veikleika og krónísk veikindi en sýndu ekki slakari sjálfsmynd. Foreldrar voru líklegri til að meta stráka með slakari sjálfsmynd en stelpur. Sjálfsmyndin fór lækkandi í tveimur eldri aldurshópunum óháð kyni. Íslenskir foreldrar greindu frekar frá betri sjálfsmynd barna sinna en hinar Norðurlandþjóðirnar.

1.4.2 Íslenskar rannsóknir

Í íslenskri rannsókn frá árinu 2010 komust höfundar að þeirri niðurstöðu að ungmenni með góða sjálfsmynd, jákvætt viðhorf til skólans, góðan stuðning foreldra og stunduðu íþróttir áttu í minni hættu á að verða þunglyndir

(Asgeirsdóttir, Guðjónsson, Sigurdsson og Sigfusdóttir, 2010). Í annarri íslenskri rannsókn á heilsuhegðun og námsárangri meðal íslenskra ungmenna kom í ljós að jákvæð heilsuhegðun tengdist góðri sjálfsmynd ungmennanna (Kristjánsson, Sigfusdóttir og Allegrante, 2010). Niðurstöður sýndu fram á að góð sjálfsmynd tengdist einnig góðri líkamsþjálfun og mikillar neyslu ávaxta og grænmetis. Þannig voru tengsl milli slæmrar sjálfsmyndar ungmennanna og slaks námsárangurs þegar slæmar matarvenjur voru til staðar. Einnig kom fram að sjálfsmyndin veiktist þegar líkamsþyngdarstuðullinn hækkaði (Kristjánsson, Sigfusdóttir og Allegrante, 2010).

Í rannsókn þar sem orsakasamhengi fátæktar, sjálfsvígshugsana og sjálfsvígshegðunar var skoðað bentu niðurstöður til þess að í fátækari hverfum væri aukin hætta meðal ungmenna á sjálfsvígshegðun (Bernburg, Thorlindsson og Sigfusdóttir, 2009). Rannsóknin var byggð á svörum 5491 íslenskra ungmenna fæddra árin 1990 og 1991 og voru þau þá í 9. og 10. bekk á þeim tíma sem könnunin var lögð fyrir. Kynjahlutfallið var 51% stelpur og 49% strákar. Fátækt á heimilinu var talin áhættuþáttur fyrir sjálfsvígshugsunum, kannabisneyslu, auknum líkum á að ungmenni hafi verið tekið til yfirheyrslu á lögreglustöð, vanlíðan, reiði, siðrofi, frávíkshcegðun, brotnum tengslum við foreldra og einelti. Sjö prósent svarenda sögðust hafa reynt sjálfsvíg og 27% sögðust hafa leitt hugann að því. Hjá þeim ungmenum sem bjuggu ekki við fátækt, en bjuggu í skólahverfi sem taldist fátækara eða miklu fátækara í samanburði við önnur hverfi, voru líkurnar því að ungmennin höfðu gert tilraun til sjálfsvígs átta prósent. Meðalgildi skóla á fátæktarbreytunni var fundið út til að ákvarða fátækt nærumhverfisins. Vandamál í nærumhverfi voru talin sjálfstæður áhættuþáttur, líklega vegna þess að vandamálin „smitast“ á milli jafnaldra. Niðurstöður sýndu að það gat verið erfitt að vera fátækur í efnuðu nærumhverfi en einnig að vera efnaður í fátæku nærumhverfi (Bernburg, Thorlindsson og Sigfusdóttir, 2009). Það að hugsa sjálfsvígshugsanir er ekki óalgengt eða óeðlilegt meðal ungmenna heldur eru þær hluti af þróun þroska þeirra þar sem þau reyna að skilja lífið, dauðann og tilganginn með lífinu (WHO, 2010). Sjálfsvígshugsanir fara að vera óeðlilegar þegar framkvæmd sjálfsvígshugsananna verður eina lausnin á vandamálum þeirra. Ungmenni með lélega sjálfsmynd eiga frekar á hættu að verða þunglyndi að bráð sem er aukinn áhættuþáttur fyrir sjálfsvígshugsanir eða sjálfsvígshegðun (WHO, 2010).

Í óbirtri meistararitgerð frá árinu 2007 kom í ljós að tengsl voru á milli sjálfsmyndar og líkamsþyngdarstuðuls hjá 16 til 19 ára íslenskum framhaldsskólanemendum af öllu landinu (Birna Baldursdóttir, 2007). Flestir þátttakendur töldu sig vera betur eða svipað fjárhagslega stæða og aðra eða 50% stelpna og 43,3% stráka. Þeir sem voru með veikustu sjálfsmyndina voru þeir sem töldu sig vera í ofþyngd. Þeir nemendur sem voru með bestu sjálfsmyndina voru strákar í kjörþyngd en sjálfsmynd stelpna var marktækt lægri en stráka. Aldur hafði jákvæð áhrif á sjálfsmynd stelpna en hún batnaði með hækkandi aldri.

Ávallt er ákveðið hlutfall nemenda sem einhverra hluta vegna hættir í námi (Rannsóknir og greining, 2010). Þannig voru 93% 16 ára stráka árið 2008 sem stunduðu nám við framhaldsskóla en hlutfallið var 89% árið eftir þegar þeir voru 17 ára (Hagstofa Íslands, 2012b). Árið 2010, þá 18 ára gamlir, hafði þeim fækkað enn meira, eða niður í 80%. Árið 2011, þegar þeir voru 19 ára hafði hlutfallið lækkað niður í 71%. Svipaða þróun er að sjá hjá stelpum en á sama tíma á sama aldri voru 94% stelpna sem stunduðu nám við framhaldsskóla en fækkaði þeim niður í 74% árið 2011 (Hagstofa Íslands, 2012b). Í rannsókn sem gerð var árið 2009 á félagslegri stöðu 16 til 20 ára ungmenna á Íslandi sem ýmist voru atvinnulaus, í vinnu eða stunduðu framhaldsskólanám sem ekki telst hefðbundið (dæmi um slíkt nám gat verið kvikmyndun, tölvunám eða tónlistar- og dansnám) kom í ljós að hagir og líðan ungmenna sem voru aðallega í vinnu eða voru atvinnulaus voru verri en þeirra ungmenna sem voru aðallega í námi (Rannsóknir og greining, 2010). Ástæður fyrir brottfalli úr námi sögðu ungmennin vera ýmsar, en sneru helst að því að þau voru áhugalaus um námið eða þurftu að vinna til þess að framfleyta sér. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að hagir og líðan þeirra ungmenna sem stunduðu nám væru betri en þeirra sem voru ekki í námi, voru atvinnulaus eða í vinnu. Niðurstöðurnar bentu einnig til þess að hverskonar nám hafði jákvæð áhrif á ungmennin. Einnig kom í ljós að tengsl þeirra ungmenna sem voru aðallega í vinnu eða atvinnulaus við fjölskyldu sína voru ekki eins góð og þeirra sem voru í skóla. Þau ungmenni sem ekki voru í skóla upplifðu skort á stuðningi frá foreldrum sínum. Þau höfðu einnig slakara sjálfstraust, fundu frekar fyrir þunglyndiseinkennum og töldu andlega og líkamlega heilsu sína vera slakari í samanburði við þau ungmenni sem voru í skóla (Rannsóknir og greining, 2010). Atvinnulausir einstaklingar á aldrinum 15 til 19 ára á Íslandi í lok apríl 2012 voru

2,6%, eða 290 einstaklingar af þeim 10.990 einstaklingum sem voru án atvinnu (Vinnumálastofnun, 2012).

Í ljósi þessara niðurstaðna á erlendum rannsóknum á tengslum milli sjálfsmyndar og félagshagfræðilegrar stöðu og þeirra íslensku rannsókna sem getið var hér á undan er full ástæða til að kanna hver staðan er hér á landi.

2.0 Aðferðir og gögn

Í þessum kafla verður fjallað um markmið rannsóknarinnar, rannsóknarspurningu, tilgátur, framkvæmd rannsóknarinnar, þátttakendur, mælitæki og úrvinnslu gagna sem notuð voru.

2.1 Markmið og rannsóknarspurning

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort félagshagfræðileg staða framhaldsskólanema hafi áhrif á sjálfsmynd þeirra. Til að skoða félagshagfræðilega stöðu verður atvinnuþátttaka og menntun foreldra ásamt mati nemendanna á fjárhagsstöðu fjölskyldunnar könnuð. Rannsóknarspurningin er eftirfarandi:

„Hefur félagshagfræðileg staða fjölskyldu ungmenna áhrif á sjálfsmynd þeirra?“

Til að svara rannsóknarspurningunni verða lagðar fram eftirfarandi tilgátur:

Tilgáta I: Þeir nemendur sem telja fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar betri en annarra hafa betri sjálfsmynd en þeir sem telja fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar álíka eða verri en annarra

Tilgáta II: Þau ungmenni sem eiga foreldra með háskólapróf eru með betri sjálfsmynd en þau sem eru með grunnskólapróf eða minna.

Tilgáta III: Þau ungmenni sem að segja foreldra sína í fullri vinnu utan heimilis eru með betri sjálfsmynd en þau sem segja foreldra sína vera heimavinnandi

2.2 Framkvæmd

Rannsókn þessi byggir á fyrirliggjandi gögnum frá Rannsóknnum og greiningu sem kallast „*Ungt fólk 2010*“ en þeir aðilar hafa rannsakað hagi barna og ungmenna frá árinu 1992 (Rannsóknir og greining, 2011). Rannsóknir frá Rannsóknnum og greiningu eru þýðisrannsóknir sem eru framkvæmdar með því að leggja spurningalista fyrir alla þá nemendur í dagskóla sem eru í skóla á þeim tímapunkti þegar listinn er lagður fyrir (Rannsóknir og greining, 2011). Þetta er gert til að takmarka vikmörk niðurstaðanna og fá sem mestan áreiðanleika.

Spurningalistarnir voru sendir til allra framhaldsskóla landsins í októbermánuði 2010 og sáu kennarar um að leggja þá fyrir eftir ákveðnum fyrirmælum (Rannsóknir og greining, 2011). Þar sem í könnuninni var lögð áhersla á ungmenni á framhaldsskólaaldri voru nemendur í kvöld- og fjarnámi undanskildir þátttöku. Ítrekað var fyrir nemendum að skrifa hvorki nafn sitt né kennitölu á svarblöðin svo ekki væri hægt að rekja svör þeirra. Nemendur undir 18 ára aldri höfðu samþykki foreldra sinna fyrir þátttöku í rannsókninni og fylgdu leiðbeiningar spurningalistanum þar sem nemendur voru beðnir um að svara af samviskusemi og eftir bestu getu. Lögð var áhersla á að svörin væru trúnaðarmál og skiluðu nemendur svörum í innsigliðum umslögum (Rannsóknir og greining, 2011).

2.3. Þátttakendur

Þessi tiltekna rannsókn, „Ungt fólk 2010“, var lögð fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum á Íslandi í október 2010 og var svarhlutfall þátttakenda 70,5% (Rannsóknir og greining, 2011). Í töflu 1 má sjá aldursdreifingu nemenda eftir kyni. Langflestir þátttakenda voru fæddir á árunum 1991 til 1994 eða þegar þátttakendurnir voru á 16. til 19. aldursári er könnunin var lögð fyrir. Flestir nemendanna voru 16 ára eða 27,5% og var kynjahlutfallið nokkuð jafnt eða 48,2% strákar og 51,8% stelpur.

Tafla 1. Aldur og kynjahlutfall þátttakenda í rannsókninni

<i>Aldur ungmennanna</i>	<i>Strákar</i>		<i>Stelpur</i>	
	<i>Fjöldi</i>	<i>% Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>% Hlutfall</i>
Heild	5.299	100,0	5647	100,0
16 ára	1.472	27,8	1540	27,3
17 ára	1.211	22,9	1369	24,2
18 ára	1.052	19,9	1181	20,9
19 ára	846	16,0	903	16,0
Annað	718	13,4	269	11,6

2.4 Mælitæki

Í spurningalistanum sem lagður var fyrir voru 110 spurningar á 34 blaðsíðum og var meðal annars spurt um sjálfsmynd, mat nemendanna á fjárhagsstöðu fjölskyldunnar, menntun foreldra og atvinnustöðu foreldra (Rannsóknir og greining, 2011). Hér á eftir eru upplýsingar um þá samsettu kvarða og spurningar sem notaðar voru í rannsókninni.

Sjálfsmynd: „*Rosenberg Self-esteem Scale*“ (Rosenberg, Schooler og Schoenbach, 1989) eða Rosenberg sjálfsmatskvarðinn var notaður til að mæla sjálfsmynd nemendanna. Sjálfsmatskvarðinn er gerður úr tíu spurningum og voru nemendur beðnir um að svara hversu vel þeim fannst eftirfarandi staðhæfingar eiga við um sig; „*Mér finnst ég vera að minnsta kosti jafn mikils virði og aðrir*“, „*Mér finnst ég hafa marga góða eiginleika*“, „*Þegar allt kemur til alls sýnist mér ég vera misheppnaður/-heppnuð*“, „*Ég get gert hlutina jafn vel og flestir aðrir*“, „*Mér finnst ekki vera margt sem ég get verið stolt(ur) af*“, „*Ég hef jákvæða afstöðu til sjálfs/sjálfrar míns*“, „*Þegar allt kemur til alls er ég ánægð(ur) með sjálfa(n) mig*“, „*Ég vildi óska að ég bæri meiri virðingu fyrir sjálfum mér*“, „*Stundum finnst mér ég sannarlega vera til einskis nýt(ur)*“ og „*Stundum finnst mér ég einskis virði*“. Voru nemendur beðnir um að merkja eingöngu við einn svarmöguleika í hverri spurningu og voru þeir fjórir talsins; „*Á mjög vel við um mig*“, „*Á frekar vel við um mig*“, „*Á frekar illa við um mig*“ og „*Á mjög illa við um mig*“. Nemendur gátu fengið á bilinu 0 til 30 stig. Einstaklingur með 30 stig telst vera með mjög góða sjálfsmynd en að meðaltali fá einstaklingar í kringum 22 stig á sjálfsmyndarkvarðanum en flestir fá á bilinu 15 til 25 stig (Heatherton og Wyland, 2003). Má því telja að þeir einstaklingar sem fá færri en 15 stig hafi slaka sjálfsmynd, þeir sem fá á bilinu 15 til 25 stig séu með meðalgóða sjálfsmynd og þeir sem eru með 25 til 30 stig séu með góða sjálfsmynd. Niðurstöður á mælingu áreiðanleika sjálfsmyndarkvarðans í þessari rannsókn var $\alpha = 0,895$ sem telst vera góður samkvæmt Field (2005).

Fjárhagur fjölskyldunnar: Til að mæla fjárhag fjölskyldunnar voru nemendur beðnir um að svara spurningunni: „*Hversu vel fjárhagslega stæð telurðu að fjölskylda þín sé miðað við aðrar fjölskyldur á Íslandi*“. Voru svarmöguleikar sjö talsins og voru mældir á raðkvarða með svarmöguleika 1

(Miklu verr stæð), 2 (Töluvert verr stæð), 3 (Svolítið verr stæð), 4 (Álíka vel stæð), 5 (Svolítið betur stæð), 6 (Töluvert betur stæð) og 7 (Miklu betur stæð).

Menntun föður og menntun móður: Til að mæla menntun foreldra var spurt: „*Hver er menntun foreldra þinna/forráðamanna?*“. Voru nemendur beðnir um að svara fyrir fósturforeldra ef þau voru alin upp hjá þeim. Voru svarmöguleikar sex talsins, þar sem nemendur áttu að merkja við einn möguleika fyrir föður og einn fyrir móður. Var spurningin mæld á raðkvarða með svarmöguleika 1 (*Veit ekki eða á ekki við*), 2 (*Lauk grunnskólaprófi eða minna*), 3 (*Hóf framhaldsskólanám; menntaskól, fjölbrautaskóla eða iðnskóla*), 4 (*Lauk framhaldsskóla; menntaskóla, fjölbrautaskóla eða iðnskóla*), 5 (*Hóf háskólanám en lauk því ekki*) og 6 (*Lauk háskólaprófi*).

Atvinnuþátttaka foreldra: Til að mæla atvinnuþátttöku foreldranna voru nemendur spurðir: „*Hvað af eftirfarandi lýsir best atvinnuþátttöku foreldra þinna/forráðamanna?*“ Voru nemendur beðnir um að svara einnig fyrir fósturforeldra ef þau voru að mestu alin upp hjá þeim og áttu nemendur að merkja við einn svarmöguleika fyrir föður og einn fyrir móður. Spurningin var mæld á raðkvarða og voru svarmöguleikarnir 1 (*Á ekki við*), 2 (*Heimavinnandi*), 3 (*Er með starfsemi sína heima (til dæmis heimaskrifstofu/smáiðnað)*), 4 (*Vinnur hlutastarf utan heimilis*), 5 (*Vinnur fullt starf utan heimilis*), 6 (*Er atvinnulaus*), 7 (*Er öryrki*), 8 (*Er á eftirlaunum (hætt(ur) að vinna)*), 9 (*Er í skóla*) og 10 (*Er í skóla og vinnur líka utan heimilis*).

2.5. Úrvinnsla

Eins og lýst var hér að framan innihélt spurningalistinn sem lagður var fyrir nemendum 110 spurningar en í þessari rannsókn verður einungis er notast við fjóra þætti; Sjálfsmatskvarða Rosenbergs, mat nemenda á fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar, menntun foreldra og atvinnuþátttaka foreldra.

Rannsóknin var unnin út frá lýsandi aðferðarfræði og út frá ályktunartölfræði þar sem tengsl milli breyta var könnuð. Við úrvinnslu niðurstaðna voru notaðar meginlegar tölfræðiaðferðir með hjálp tölfræðiforritsins *SPSS*. Gerð var dreifigreining (ANOVA) til að sannreyna hvort munur væri á sjálfsmynd ungmennanna á milli hópa (Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson, 2005).

3.0 Niðurstöður

Í þessum kafla verður farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar. Þar sem fyrrnefndar rannsóknir hafa sýnt fram á að munur sé á milli kynjanna þegar sjálfsmynd ungmenna er skoðuð verða niðurstöður úr sjálfsmatskvarða Rosenbergs settar fram eftir kyni þátttakenda.

Líkt og áður hefur komið fram þá eru þeir þættir sem algengastir eru til að meta félagshagfræðilega stöðu ungmenna; tekjur-, menntun- og atvinnustaða foreldra og því verða þessir þættir skoðaðir.

Til að svara tilgátunum var gerð dreifigreining til að skoða hvort marktækur munur væri á sjálfsmyndinni milli hópa þegar mat ungmennanna á fjárhagsstöðu fjölskyldunnar, menntun og atvinnustöðu foreldra var skoðuð.

3.1 Sjálfsmynd

Líkt og sjá má í *töflu 2* fengu þátttakendur að meðaltali 21,68 stig af 30 mögulegum á sjálfsmatskvarða Rosenbergs sem bendir til þess að íslensk ungmenni hafi meðalgóða sjálfsmynd. Taflan sýnir einnig að strákar fengu að meðaltali hærri skor, eða 22,86 stig á meðan stelpur fengu að meðaltali 20,64 sem bendir til þess að strákarnir höfðu betri sjálfsmynd en stelpur og var marktækur munur á kynjunum.¹

Tafla 2. Meðaltalsskor ungmennanna á sjálfsmynd eftir kyni

<i>Sjálfsmat ungmennanna</i>	<i>Meðaltal</i>	<i>Staðalfrávik</i>
Bæði kynin	21,68	6,07
Strákar	22,86	5,71
Stelpur	20,64	6,17

Tafla 3 sýnir hvernig ungmennin mátu sjálfsmynd sína. Algengast var að strákar mátu sjálfsmynd sína sem mjög góða á meðan stelpur mátu sjálfsmynd sína oftast meðalgóða. Hjá báðum kynjum voru fæstir sem mátu sjálfsmynd sína lélega en þó færri strákar en stelpur. Að sama skapi mátu strákar sjálfsmynd sína oftast mjög góða.


¹ $F_{(1,10553)} = 363,291, p < 0,05$.

Tafla 3. Sjálfsmat ungmennanna á Rosenberg sjálfsmyndarkvarðanum

Sjálfsmat ungmennanna	Strákar (%)	Stelpur (%)
Léleg sjálfsmynd (0-15 stig)	13,8	21,0
Meðalgóð sjálfsmynd (16-25 stig)	41,0	48,0
Mjög góð sjálfsmynd (25-30 stig)	45,2	31,0
Samtals	100,0	100,0

3.2. Fjárhagsstaða fjölskyldunnar

Þegar ungmennin voru beðin um að meta fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar miðað við aðrar íslenskar fjölskyldur mátu þau oftast fjölskyldu sína vera álíka vel stæða eða svolítið betur stæða líkt og sjá má á mynd 1. Þó mátu strákar fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar oftast betri en stelpur. Stelpur mátu fjárhag fjölskyldu sinnar oftast verr eða álíka vel stæða í samanburði við aðrar íslenskar fjölskyldur en strákar.



Mynd 1. Hversu vel fjárhagslega stæða telurðu að fjölskylda þín sé miðað við aðrar fjölskyldur?

3.2.1. Fjárhagsstaða fjölskyldunnar og sjálfsmynd ungmennanna

Til að prófa fyrstu tilgátuna: „Þeir nemendur sem telja fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar betri en annarra hafa betri sjálfsmynd en þeir sem telja fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar álíka eða verri en annarra“, var framkvæmd dreifigreining. Dreifigreiningin sýndi fram á að þau ungmenni sem mátu fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar betri eða álíka góða og annarra íslenskra fjölskyldna voru með betri sjálfsmynd. Ennfremur sýndi hún fram á að þeir sem töldu fjárhagsstöðu

fjölskyldu sinnar verr stæða en annarra og var þessi munur marktækur,² sem styður fyrstu tilgátuna (Sjá viðauka I).

3.3. Menntun foreldra

Þegar ungmennin voru spurð út í menntun foreldra eða forráðamanna sinna svöruðu þau oftast að mæður höfðu lokið háskólaprófi en feður líkt og sjá má í *töflu 4*. Eins má sjá að ungmennin svöruðu í nokkuð jöfnum hlutföllum til um menntun feðra sinna á meðan mæður höfðu oftast lokið háskólaprófi en öðrum prófum. Fleiri mæður höfðu samkvæmt ungmennunum lokið grunnskólaprófi eða minna en þær sem höfðu lokið framhaldsskólaprófi.

Tafla 4. Svör ungmenna um menntun foreldra þeirra eða forráðamanna

	<i>Fjöldi</i>	<i>% Hlutfall</i>
<i>Menntun föður</i>	10.665	100,0
Grunnskólapróf eða minna	3.315	31,5
Framhaldsskólapróf	3.697	34,7
Háskólapróf	3.653	34,3
<i>Menntun móður</i>	10.680	100,0
Grunnskólapróf eða minna	3.650	34,1
Framhaldsskólapróf	2.786	26,1
Háskólapróf	4.244	39,7

3.3.1. Menntun foreldra og Sjálfsmynd ungmennanna

Til að prófa aðra tilgátuna: „*Þau ungmenni sem eiga foreldra með háskólapróf eru með betri sjálfsmynd en þau sem eru með grunnskólapróf eða minna*“, var framkvæmd dreifigreining. Dreifigreiningin sýndi fram á að ekki var marktækur munur á milli sjálfsmyndar ungmenna sem áttu foreldra sem höfðu lokið grunnskólaprófi eða minna og þeirra sem höfðu lokið háskólaprófi. Þessar niðurstöður fella því tilgátuna. Marktækur munur var hins vegar á sjálfsmynd ungmenna sem áttu foreldra sem höfðu lokið grunnskólaprófi eða minna og þeirra sem höfðu lokið framhaldsskólaprófi³. Þannig höfðu þeir sem áttu foreldra sem

²F_(2,10550) = 142,377, *p* < 0,05.

³F_(2,8266) = 48,114, *p* < 0,05.

höfðu lokið framhaldsskólaprófi betri sjálfsmynd en þeir sem áttu foreldra sem höfðu lokið grunnskólaprófi eða minna (Sjá viðauka III).

3.4. Atvinnustaða foreldra

Þegar atvinnustaða foreldra er skoðuð sést í *töflu 5 og 6* hvernig ungmennin svöruðu því til að oftast voru foreldrar þeirra í fullu starfi utan heimilis. Fleiri sögðu móður sína vera í hlutastarfi, heimavinnandi, í skóla og vinnu utan heimilis og öryrkjar en feður. Feður voru í 81,7% tilfella í fullu starfi utan heimilis og 62,1% mæðra. Mæður voru oftast í skóla og vinnu, eða í 4,8% tilfella á móti 1,5% feðra.

Tafla 5. Atvinnustaða föður

<i>Atvinnustaða föður</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>% Hlutfall</i>
Heimavinnandi	96	1,0
Er með starfsemi sína heima	588	5,9
Hlutastarf	459	4,6
Fullt starf	8089	81,7
Er atvinnulaus	229	2,3
Er öryrki	153	1,5
Er á eftirlaunum	86	0,9
Er í skóla	55	0,6
Er í skóla og í vinnu	144	1,5
	9899	100,0

Tafla 6. Atvinnustaða móður

<i>Atvinnustaða móður</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>% Hlutfall</i>
Heimavinnandi	830	8,6
Er með starfsemi sína heima	400	4,1
Hlutastarf	1279	13,2
Fullt starf	6018	62,1
Er atvinnulaus	164	1,7
Er öryrki	279	2,9
Er á eftirlaunum	45	0,5
Er í skóla	209	2,2
Er í skóla og í vinnu	464	4,8
	9688	100,0

Til að prófa þriðju tilgátuna: „*Þau ungmenni sem að segja foreldra sína í fullri vinnu utan heimilis eru með betri sjálfsmynd en þau sem segja foreldra sína vera heimavinnandi*“, var framkvæmd dreifigreining. Dreifigreiningin sýndi fram á að marktækur munur var á sjálfsmynd þeirra sem sögðu móður sína vera heimavinnandi og þeirra sem sögðu hana vera í fullri vinnu utan heimilis, þessar niðurstöður styðja því tilgátuna.⁴ Þannig hafa þau ungmenni sem segja móður sína vera í fullri vinnu utan heimilisins betri sjálfsmynd en þau sem segja móður sína vera heimavinnandi. Marktækur munur á sjálfsmyndinni var oftast að finna hjá ungmendum sem áttu móður sem var öryrki og þeirra sem voru heimavinnandi, með starfsemi sína heima, unnu hlutastarf utan heimilis, voru í skóla og voru í skóla og vinnu utan heimilis, en þau ungmenni sem áttu móður sem var öryrki voru með slökustu sjálfsmyndina⁴ (Sjá viðauka V). Þegar dreifigreiningin var gerð til að skoða mun á sjálfsmynd ungmenna sem sögðu föður sinn vera heimavinnandi og þeirra sem sögðu hann vera í fullri vinnu utan heimilis var ekki marktækur munur. Hins vegar var marktækur munur á sjálfsmynd ungmenna sem sögðu föður sinn vera í fullu starfi utan heimilis og þeirra sem sögðu föður sinn vinna hlutastarf utan heimilis, en sjálfsmynd ungmenna sem áttu föður sem unnu fulla vinnu var betri. Eins var marktækur munur á sjálfsmynd þeirra ungmenna sem áttu feður sem unnu fullt starf utan heimilis og þeirra sem áttu feður sem voru öryrkjar⁵ (sjá viðauka IV).

⁴ $F_{(8,9177)} = 8,572, p < 0,05$

⁵ $F_{(8,9388)} = 4,731, p < 0,05.$

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að sjálfsmynd íslenskra ungmenna sé í meðallagi og er talsverður munur á kynjunum. Strákar telja sjálfsmynd sína oftast mjög góða og sjaldnar lélega en stelpur. Þegar mat ungmennanna á fjárhagsstöðu fjölskyldunnar er skoðað er sömu sögu að segja; Strákar eru bjartsýnni á fjárhagsstöðu fjölskyldunnar en stelpur. Á heildina litið hefur mat ungmenna á fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar áhrif á sjálfsmynd þeirra. Því betri sem þau telja fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar vera í samanburði við aðrar íslenskar fjölskyldur því sterkari er sjálfsmynd þeirra. Menntun foreldra hefur áhrif á sjálfsmynd ungmennanna. Marktækan munur er að finna á sjálfsmynd ungmennanna sem sögðu foreldra sína hafa grunnskólapróf eða minna og þeirra sem sögðu foreldra sína hafa framhaldsskólapróf. Þannig voru þau ungmenni sem sögðu foreldrar sína vera með framhaldsskólapróf með sterkari sjálfsmynd en þeir sem sögðu foreldra sína hafa grunnskólapróf eða minna. Munurinn á sjálfsmynd þeirra sem sögðu foreldra sína hafa grunnskólapróf og þeirra sem sögðu þau hafa háskólapróf var ekki marktækur. Flestir sögðu foreldra sína vinna fulla vinnu utan heimilisins. Fleiri feður vinna fullan vinnu utan heimilisins en fleiri mæður voru í námi samhliða vinnu. Slökustu sjálfsmyndina höfðu þau ungmenni sem sögðu móður sína vera öryrki og þeirra hópa sem áttu mæður sem voru heimavinnandi, með starfsemi heima, voru í hlutastarfi, fullu starfi, í skóla eða í vinnu og skóla. Sömu niðurstöðu var að finna varðandi sjálfsmynd þeirra sem áttu feður sem voru öryrkjar og þeirra sem áttu föður sem var í fullri vinnu utan heimilis.

4.0 Umræður

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða áhrif félagshagfræðilegrar stöðu á sjálfsmynd íslenskra ungmenna. Sjálfsmynd ungmennanna var metin út frá sjálfsmatskvarða Rosenbergs á viðtækri sjálfsmynd en slík sjálfsmynd snýr að jákvæðu eða neikvæðu viðhorfi einstaklingsins almennt til sjálfs síns (Rosenberg, Schooler, Schoenbach og Rosenberg, 1995). Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að íslensk ungmenni eru að meðaltali með meðalgóða sjálfsmynd. Munur er á kynjunum þegar sjálfsmyndin er skoðuð og voru strákar með betri sjálfsmynd en stelpur, sem er í samræmi við fyrri rannsóknir (Robins og Trzesniewski, 2005; Bagley, Bolitho og Bertrand, 1997). Má velja því fyrir sér af hverju þetta stafar, hvað veldur því að strákar eru með sterkari sjálfsmynd en stelpur? Líkt og Heatherton og Wyland (2003) greindu frá verður sjálfsmynd stúlkna meira fyrir áhrifum af persónulegum samböndum en strákar verða fyrir áhrifum af hlutlægum árangri. Niðurstöður rannsóknarinnar ásamt fyrri rannsókna benda til þess að stúlkur væru tilfinningaríkari verur sem láta ef til vill annarra álit á sér ráða mati sínu á sjálfsmynd sinni á meðan strákar horfa á staðreyndir og frammistöðu sína.

Félagshagfræðileg staða ungmenna er oftast metin út frá tekjum, menntun og atvinnu foreldra (Hauser og Warren, 1997). Til að meta tekjur fjölskyldunnar voru ungmennin beðin um að leggja mat á fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar í samanburði við aðrar íslenskar fjölskyldur. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að strákar meta fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar betri en annarra íslenskra fjölskyldna á meðan stelpur mátu fjárhag fjölskyldu sinnar oftast verr eða álíka vel stæða og aðrar íslenskar fjölskyldur. Vekur þetta upp spurningar hvers vegna stelpur eru svartsýnni á fjárhagsstöðu fjölskyldunnar? Eru þær upplýstari um stöðu heimilisins en strákar eða hvað veldur?

Þau ungmenni sem mátu fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar betri en annarra voru með betri sjálfsmynd en þau sem mátu fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar álíka vel eða verr stæðari en aðrar íslenskar fjölskyldur. Þetta staðfestir fyrstu tilgátuna sem lögð var fram og eru þessar niðurstöður í samræmi við erlendar rannsóknir (Twenge og Campbell, 2002; Rosenberg og Pearlin, 1978). Twenge og Campbell (2002) fundu það út í sinni rannsókn að tengslin á milli félagshagfræðilegrar stöðu og sjálfsmyndar breytist yfir æviskeiðin. Tengslin séu lítil í grunnskóla en aukast

svo í framhaldsskóla, eða á sama aldri og þátttakendur voru í þessari rannsókn sem er í takt við þær niðurstöður.

Líkt og áður sagði er menntun foreldra einn af þeim þáttum sem notaðir eru til að rannsaka félagshagfræðilega stöðu ungmenna en menntun foreldra gefur vísbendingar um tekjur fjölskyldunnar (Hauser og Warren, 1997). Þetta er talin vera ein stöðugusta útskýring félagshagfræðilegrar stöðu vegna þess að menntun verður yfirleitt til frekar snemma á lífsleiðinni og helst einnig í lengri tíma. Í rannsókn þessari voru svör ungmenna um menntun foreldra þeirra skoðuð. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að mæður höfðu oftari lokið háskólanámi en feður oftari framhaldsskólaprófi. Marktækan mun var ekki að finna á milli sjálfsmyndar ungmenna þar sem foreldrar höfðu lokið grunnskólaprófi eða minna og þeirra sem höfðu lokið háskólaprófi líkt og rannsóknartilgátan gat um og var hún því felld. Marktækan mun var þó að finna á sjálfsmynd ungmennanna á milli þeirra sem höfðu lokið grunnskólaprófi og þeirra sem höfðu lokið framhaldsskólaprófi.

Þegar atvinnustaða foreldra var skoðuð í rannsókninni svöruðu ungmennin því oftast til að foreldrar þeirra væru í fullu starfi utan heimilis. Feður voru þó oftari í fullu starfi utan heimilis en mæður voru oftari bæði í vinnu og skóla. Í könnunni var ekki tilgetið í hversu háu hlutfalli móðirin var í vinnu með skóla og gat það allt eins verði sáralítið eða í full vinnu. Áhugi rannsakenda á tengslum milli félagshagfræðilegrar stöðu og sjálfsmyndar ungmenna hefur oft verið tengd þeirri trú að foreldra með betri félagshagfræðilega stöðu geti veitt börnum sínum betri lífsskilyrði (Brooks-Gunn og Duncan, 1997). Erlend rannsókn þeirra Luthar og Latendresse (2005b) sýndi fram á að ungmenni sem bjuggu við mjög góða félagshagfræðilega stöðu upplifðu að foreldrar þeirra væru álíka andlega og líkamlega fjarverandi og foreldrar þeirra sem bjuggu við slaka félagshagfræðilega stöðu. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda hins vegar til þess að ekki er marktækur munur á sjálfsmynd ungmenna hvort móðir þeirra vinni hlutastarf eða fullt starf. Hins vegar reyndist vera marktækur munur á sjálfsmynd ungmennanna þar sem sjálfsmyndin var sterkari ef móðirin var í fullu starfi utan heimilis en heimavinnandi. Marktækur munur var á sjálfsmyndinni á milli þeirra hópa sem sögðu föður sinn vera í fullu starfi og hlutastarfi, en sjálfsmyndin var betri ef feðurnir voru í fullu starfi utan heimilis. Marktækur munur var á sjálfsmynd ungmennanna ef foreldrarnir voru öryrkjar og ef þau voru í fullu starfi, þar sem þau voru með slakari sjálfsmynd ef þau voru öryrkjar. Einnig var marktækur

munur á sjálfsmyndinni milli allra hópa ef að móðir var öryrki, nema ef hún var atvinnulaus eða á eftirlaunum, en þar reyndist ekki marktækur munur. Þær niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna en Bradley og Corwyn (2005) greindu frá því að börn sem búa við slaka félagshagfræðilega stöðu sýna oftast einkenni sálfræðilegra raskana. Auk þess komust rannsakendur að því að börn sem búa við slaka félagshagfræðilega stöðu ættu frekar á hættu á að eiga í félagslegum erfileikum en þau sem búa við betri aðstæður.

Helstu takmarkanir þessarar rannsóknar voru þær að í þeirri könnun sem lögð var fyrir voru ungmennin beðin um að leggja mat sitt á fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar í samanburði við aðrar íslenskar fjölskyldur. Því eru ekki um fullkomnar staðreyndir að ræða, þó þær gefi mikilvægar vísbendingar um það hvernig ungmennin upplifa sig og sína fjölskyldu í samfélaginu. Þannig gætu sum ungmenni metið fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar verri en hún er í raun, háða mati sínu á sjálfsmynd sinni. Fyrri rannsóknir þeirra Crocker og Major (1989) hafa sýnt fram á öfug áhrif þar sem að einstaklingur sem býr við slaka félagshagfræðilega stöðu haft góða sjálfsmynd, þar sem hann ber sig saman við þá sem hafa það verr en hann í samfélaginu.

Hafa ber í huga að fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að félagshagfræðileg staða ungmenna hefur meiri áhrif á sjálfsmynd fullorðinna en hún hefur á sjálfsmynd ungmenna (Rosenberg og Pearlin, 1978). Þessi rannsókn gefur þó til kynna að félagshagfræðileg staða hefur áhrif á sjálfsmynd ungmenna.

5.0 Lokaorð

Samkvæmt þessari rannsókn voru íslensk ungmenni með meðalgóða sjálfsmynd en þó eru strákar með sterkari sjálfsmynd. Þetta styður þær rannsóknir sem áður hafa verið gerðar á mun á milli kynjanna þegar þetta samband er skoðað. Einnig kom í ljós að strákar meta fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar betri í samanburði við aðrar íslenskar fjölskyldur en stelpur og telja oftár sína fjölskyldu vera álíka eða betur stæða. Í upphafi rannsóknarinnar var sett fram tilgáta varðandi tengsl fjárhagsstöðu fjölskyldu ungmennanna og sjálfsmyndar þeirra sem fól í sér að betri fjárhagsstaða fjölskyldunnar hafði betri áhrif á sjálfsmynd ungmennanna og stóðst sú tilgáta.

Athygli vakti að önnur tilgáta rannsóknarinnar á tenglum menntunnar foreldra við sjálfsmynd ungmennanna var felld. Sú tilgáta fól í sér að háskólamenntun foreldranna skipti meira máli fyrir sjálfsmynd ungmennanna en grunn- og framhaldsskólamenntun. Aftur á móti stóðst þriðja tilgátan um að ungmenni þeirra foreldrar sem eru í fullri vinnu utan heimilisins voru með betri sjálfsmynd en þeirra sem voru heimavinnandi. Var þessi tilgáta sett fram með mæður í huga. Þó svo að rannsóknin hafi stutt tilgátuna hafi hún komið rannsakanda ánægjulega á óvart, þar sem hann telur að í samfélaginu séu mæður sem telja að væru þær heimavinnandi myndi það hafa betri áhrif á sjálfsmynd og velferð barna sinna.

Áhugavert væri að kanna hvað það er sem hefur áhrif á mat ungmenna á fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar út frá þessum niðurstöðum, þar sem hærri menntun foreldra virðist ekki skipta eins miklu máli fyrir sjálfsmynd ungmenna eins og atvinnustaða.

6.0 Heimildaskrá

- Andrews, B. (1998). Self-esteem. *Psychologist, 11*, 339-342.
- Asgeirsdóttir, B.B, Gudjonsson, G.H., Sigurdsson, J.F. og Sigfusdóttir, I.D. (2010). Protective Processes for Depressed Mood and Anger Among Sexually Abused Adolescents: The Importance of Self-esteem. *Personality and Differences, 49*, 402-407.
- Bagley, C., Bolitho, F. og Bertrand, L. (1997). Norms and Construct Validity of the Rosenberg Self-Esteem Scale in Canadian High School Populations: Implications for Counseling. *Canadian Journal of Counseling, 31* (1), 82-92.
- Baumeister, R.F. og Leary, M.R. (1995). The Need to Belong: Desire for Interpersonal Attachments as a Fundamental Human Motivation. *Psychological Bulletin, 117*, 497-529.
- Bernburg, J.G, Thorlindsson, T. og Sigfusdóttir, I.D. (2009). The Spreading of Suicidal Behavior: The Contextual Effect of Community Household Poverty on Adolescent Suicidal Behaviour and the Mediating Role of Suicide Suggestion. *Social Science and Medicine, 68*, 380-389.
- Blascovich, J. og Tomaka, J. (1991). Measures of Self-Esteem. Í J.P. Robinson, P.R. Shaver og L.S. Wrightsman (ritstjórar), *Measures of Personality and Social Psychological attitudes* (bls. 115-160). New York: Academic.
- Birna Baldursdóttir. (2007). *Líkamsþyngdarstuðull og sjálfsmynd. Eru tengsl þar á milli hjá íslenskum framhaldsskólanemum? Óbirt meistararitgerð: Háskólinn í Reykjavík, Kennslufræði- og lýðheilsudeild.*
- Boden, J. M., Ferguson, D. M og Horwood, L. J. (2008). Does Adolescent Self-esteem Predict Later Life Outcomes'? A Test of the Causal Role of Self-esteem. *Development and Psychology, 20*, 319-339.
- Bornstein, M.C. og Bradley, R.H. (2003). *Socioeconomic Status, Parenting and Child Development*. Mahwah: Lawrence Erlbaum Associates.
- Bradley, R.H og Corwyn, R.F. (2005). Parenting. Í C Tamis-LeMonda og L. Balter (ritstjórar), *Child Psychology: A Handbook of Contemporary Issues*. New York: Psychology Press.

- Broddason, T og Webb, K. (1975). On the Myth of Social Equality in Iceland. *Acta Sociologica*, 18 (1), 49-61.
- Brooks-Gunn, J. og Duncan, G.J. (1997). The Effects of Poverty on Children. *Future Child*, 7 (2), 55-71.
- Brown, J.D. (1998). *The Self*. New York: McGraw-Hill.
- Campbell, W.K. og Sedikides, C. (1999). Self-threat Magnifies the Self-serving Bias. *Review of General Psychology*, 3, 23-43.
- Carvajal, S. C., Clair, S. D., Nash, G. og Evans, R. I. (1998). Relating Optimism, Hope and Self-esteem to Social Influences in Deterring Substance Use in Adolescents. *Journal of Social and Clinical Psychology*, 17, 443-465.
- Crocker, J. og Major, B. (1989). Social Stigma and Self-esteem: The self-protective Properties of Stigma. *Psychological Review*, 96, 608-630.
- Demo, D.H. (1985). The measurement of Self-esteem: Refining our Methods. *Journal of Personality and Social Psychology*, 48, 1490-1502.
- Dumont, M., og Provost, M. A. (1999). Resilience in Adolescents: Protective Role of Social Support, Coping Strategies, Self-esteem and Social Activities on Experience of Stress and Depression. *Journal of Youth and Adolescence*, 28, 343-363.
- Dubois, D.L., Burk-Braxton, L., Swenson, L.P., Tevendale, H.D., Lockerd, E.M. og Moran, B.L. (2002). Getting by With a Little Help from Self and Others: Self-esteem and Social Support as Resources During Early Adolescence. *Developmental Psychology*, 38, 822-839.
- Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson. (2005). *Gagnavinnsla í SPSS*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- El-Anzi, F. O. (2005). Academic Achievement and its Relationship with Anxiety, Self-esteem, Optimism, and Pessimism in Kuwaiti Students. *Social Behaviour and Personality*, 33, 95-104.
- Field. (2005). *Discovering Statistics Using SPSS*. Sage Publications: London.
- Goodman, R. (1999). The Extended Version of the Strength and Difficulties Questionnaire as a Guide to Child Psychiatric Caseness and Consequent Burden. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 40, 791-799.
- Guðmundur Ævar Oddsson. (2010). Stéttavitund Íslendinga í kjölfar efnahagshruns. *Íslenska Þjóðfélagið*, 1, 5-26.

- Grey-Little, B. og Hafdahl, A.R. (2000). Factors influencing Racial Comparisons of Self-esteem: A Quantitative Review. *Psychological Bulletin*, 126, 26-54.
- Hagstofa Íslands. (2011a). *Möguleika heimila að ná endum saman, 2004-2011*. Sótt 16. mars 2012 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=2594&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN07215%26ti=M%F6guleikar+heimila+%E1+a%F0+n%E1+endum+saman%2C+2004%2D2011+++++++%26path=../Database/vinumarkadur/fjarhagsstada/%26lang=3%26units=Hlutfall/%C1%E6tla%F0ur%20fj%F6ldi>
- Hagstofa Íslands. (2011b). *Heimili í fjárhagsvandræðum eftir aldri, 2004-2011*. Sótt 16. mars 2012 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=2594&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN07213%26ti=Heimili+%ED+fj%E1rhagsvandr%E6%F0um+eftir+aldri%2C+2004%2D2011+++++++%26path=../Database/vinumarkadur/fjarhagsstada/%26lang=3%26units=Hlutfall/%C1%E6tla%F0ur%20fj%F6ldi>
- Hagstofa Íslands. (2012a). *Lágtekjumörk og tekjudreifing 2011*. Sótt 17. maí 2012 af <http://www.staticis.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=13784>
- Hagstofa Íslands. (2012b). *Skólasókn á framhaldsskólastigi eftir kyni, aldri og landssvæðum 1999-2011*. Sótt 6. júní 2012 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=2604&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO03108%26ti=Sk%F3las%F3kn+%E1+framhaldssk%F3lastigi+eftir+kyni%2C+aldri+og+landsv%E6%F0um+1999%2D2011%26path=../Database/skolamal/fsNemendur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Hauser, R.M og Warren, J.R. (1997). Socioeconomic Indexes for Occupations: A Review, Update and Critique. Í A. E. Raftery (Ritstjóri). *Sociological Methodology* (bls. 177-298), Cambridge: Basil Blackwell.
- Heatherton, T.F. og Polivy, J. (1991). Development and Validation of a Scale for Measuring State Self-esteem. *Journal of Personality and Psychology*, 60, 895-910.
- Heatherton, T.F. og Wyland, C.L. (2003). Assessing Self-esteem. Í S. J. Lopez og C.R. Snyder (ritstjórar), *Positive Psychological Assessment. A Handbook*

- of Models and Measures* (bls. 219-233). Washington DC: American Psychological Association.
- James, W. (1890). *Principles of Psychology, Volume 1*. New York: Henry Holt.
- Kristjansson, Á.L., Sigfúsdóttir, I.D. og Allegrante, J.P. (2008). Health Behaviour and Academic Achievement among Adolescents: The Relative Contribution of Dietary Habits, Physical Activity, Body Mass Index and Self-esteem. *Health Education and Behaviour*, 37(1), 51-56.
- Leffert, N. og Petersen, A.C. (1995). Patterns of Development During Adolescence. Í M. Rutter og D.J. Smith (ritstjórar). *Psychosocial Disorder in Young People* (bls. 67-103). Chichester, UK: Wiley.
- Luthar, S.S. og Latendresse, S.J. (2005a). Children of the Affluent: Challenges to Well-being. *Psychosomatic Medicine*, 14, 49-53.
- Luthar, S.S. og Latendresse, S.J. (2005b). Comparable "Risks" at the Socioeconomic Status Extremes: Preadolescents Perception of Parenting. *Development and Psychopathology*, 17, 207-230.
- Marmot, M. og Wilkinson, R.G. (2006). *Social Determinants of Health*. New York: Oxford University Press.
- Mueller, C.W og Parcel, T.L. (1981). Measures of Socioeconomic Status: Alternatives and Recommendations. *Child Development*, 52, 13-30.
- Parker, S., Green, S. og Zuckerman, B. (1988). Double Jeopardy: The Impact of Poverty on Early Child Development. *Paediatrics Clinics of North America*, 35, 1127-1241.
- Pelham, B.W. og Swann, W.B. (1989). From Self-Conceptions to Self-worth: On the Sources and Structure of Global Self-esteem. *Journal of Personality and Social Psychology*, 57, 672-680.
- Pedersen, R.C. og Madsen, M. (2002). Parent's Labour Market Participation as a predictor of children's health and wellbeing: a comparative study in five Nordic countries. *Journal of Epidemiology and Community Health*, 56, 861-867.
- Rannsóknir og greining. (2010). *Ungt fólk utan skóla 2009. Félagsleg staða 16-20 ára ungmenna á Íslandi sem ekki stunduðu nám við framhaldsskóla árið 2009*. Sótt 5. júní 2012 af <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Ungt-folk---Utan-skola-2009.pdf>

- Rannsóknir og greining. (2011). *Ungt fólk 2010. Framhaldsskólanemar*. Sótt 21. maí 2012 af <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Ungt-folk-2010-Vefutgafa-pdf.pdf>
- Robins, R.W. og Trzeniewski, K.H. (2005). Self-esteem Development Across the Lifespan. *Current Directions in Psychological Science*, 14, 158-162.
- Rosenberg, M., Schooler, C. og Schoenbach, C. (1989). Self-Esteem and Adolescent Problems. Modeling Reciprocal Effects. *American Sociological Review*, 54 (6), 1004-1018.
- Rosenberg, M., Schooler, C., Schoenbach, C. og Rosenberg, F. (1995). Global Self-esteem and Specific Self-esteem: Different Concepts, Different Outcomes. *American Sociological Review*, 60, 141-156.
- Rosenberg, M. og Pearlin, L.I. (1978). Social Class and Self-esteem among Children and Adults. *American Journal of Sociology*, 84, 53-77.
- Shaffer, D.R. og Kipp, K. (2007). *Developmental Psychology: Childhood and Adolescence*. Belmont: ThomsonWadsworth.
- Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson. (2012). *Áhrif fjármálahrunsins á lífskjör þjóðarinnar. Umfang kreppunnar og afkoma ólíkra tekjuhópa. (Skýrsla I)*. Reykjavík: Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands.
- Taylor, S.E. og Brown, J.D. (1988). Illusions and Well-Being: A Social Psychological Perspective on Mental Health. *Psychological Bulletin*, 2, 193-210.
- Twenge, J.M og Campbell, W.K. (2002). Self-esteem and Socioeconomic Status: A Meta-Analytic Review. *Personality and Social Psychological Review*, 6 (1), 59-71.
- Twenge, J.M. og Crocker, J. (2002). Race and Self-esteem: Meta-analyses comparing White, Blacks, Hispanics, Asians and American Indians, Including a Commentary on Gray-Little and Hafdahl. *Psychological Bulletin*, 128 (3), 371-408.
- Unicef. (2011). *Staða barna á Íslandi*. Sótt 21. maí 2012 af http://unicef.is/files/file/UNICEF_skyrsla_um_stodu_barna_2011.pdf
- Van den Berg, P.A, Mond, Eisenberg, J., Ackard, D. og Neumark-Sztainer, D. (2010). The Link Between Body Dissatisfaction and Self-esteem in Adolescents: Similarities Across Gender, Age, Weight Status,

- Race/Ethnicity and Socioeconomic Status. *Journal of Adolescent Health*, 47, 290-296.
- Vinnumálastofnun. (2012). *Staða á vinnumarkaði. Apríl 2012*. Sótt 6. júní 2012 af <http://www.vinnumalastofnun.is/files/apr%C3%AD1%202012%20endanl.pdf>
- WHO. (2010). *Preventing Suicide. A Resource for Teachers and Other School Staff*. Sótt 18. maí 2012 af http://www.who.int/mental_health/media/en/62.pdf
- WHO. (2011). *Evidence for Gender Responsive Actions to Promote Well-Being. Young People's Health as a Whole-of-Society Response*. Sótt 18. maí 2012 af http://www.euro.who.int/__data/assets/pdf_file/0006/158091/316637_WHO_brochure_226x226_7-well-being.pdf
- Wild, L.G. Flisher, A.J. Bhana, A. og Lombard, C. (2004). Associations Among Adolescent Risk Behaviours and Self-esteem in Six Domains. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 45(8), 1454-1467.
- Wills, T.A. (1981). Downward Comparison Principles in Social Psychology. *Psychological Bulletin*, 90, 245-271.
- Wilkinson, R. og Pickett, K. (2009). *The Spirit Level: Why Grater Equality Makes Societies Stronger*. New York: Bloomsbury Press.
- Wilkinson, R.G. (1996). *Unhealthy Societies: The Affliction of Inequality*. New York: Routledge.
- Wilkinson, R.G. og Pickett, K.E. (2006). Income Inequality and Population Health: A Review and Explanation of the Evidence. *Social Science and Medicine*, 62, 1768-1784.
- World Bank. (2003). *World Development indicators*. Washington: The World Bank.

7.0 Viðaukar

Viðauki I. Stigafjöldi á sjálfsmyndarkvarða Rosenbergs. Hlutfall eftir kyni.

<i>Stig á Sjálfsmyndarskala Rosenbergs</i>	<i>% Strákar</i>	<i>% Stelpur</i>
0	0,1	0,1
1	0,1	0,1
2	0,0	0,1
3	0,1	0,4
4	0,0	0,3
5	0,2	0,4
6	0,1	0,4
7	0,2	0,7
8	0,4	0,9
9	0,7	1,3
10	0,7	1,8
11	0,8	2,1
12	0,8	2,1
13	1,3	3,0
14	1,5	3,2
15	6,8	4,3
16	2,5	4,0
17	3,0	4,7
18	4,0	4,5
19	4,7	6,1
20	5,5	6,6
21	4,8	5,5
22	5,0	6,0
23	5,6	5,2
24	5,9	5,4
25	6,0	5,4
26	5,7	5,4
27	7,3	5,1
28	5,7	4,1
29	6,2	4,3
30	14,4	6,7

Sjálfsmynd

Fjárhagsstaða fjölskyldunnar	Fjárhagsstaða fjölskyldunnar	Munur á meðaltölum	p-gildi
Betur stað	Álíka vel stað	0,19118*	0,000
	Verr stað	0,65212*	0,000
Álíka vel stað	Betur stað	-0,19118*	0,000
	Verr stað	0,46095*	0,000
Verr stað	Betur stað	-0,65212*	0,000
	Álíka stað	-0,46095*	0,000

* $p < 0,05$

ANOVA

Sjálfsmynd

	Sum of Squares	Df	Mean Square	F	Sig.
Milli hópa	402,226	2	201,113	142,377	,000
Innan hópa	14902,332	10550	1,413		
Samtals	15304,558	10552			

Sjálfsmynd

Menntun Foreldra	Menntun Foreldra	Munur á meðaltölum	p-gildi
Grunnskólapróf eða minna	Framhaldsskólapróf Háskólapróf	-0,27306* -0,14123	0,000 1,000
Framhaldsskólapróf	Grunnskólapróf eða minna Háskólapróf	0,27306* 0,13184	0,000 1,000
Háskólapróf	Grunnskólapróf eða minna Framhaldsskólapróf	0,14123 -0,13184	1,000 1,000

* $p < 0,05$

ANOVA

	Sum of Squares	Df	Mean Square	F	Sig.
Milli hópa	136,154	2	68,077	48,114	,000
Innan hópa	11695,712	8266	1,415		
Samtals	11831,866	8268			

Sjálfsmynd

Atvinnustaða föður	Atvinnustaða föður	Munur á meðaltölum	p-gildi
Heimavinnandi	Er með starfsemi sína heima	-0,24984	1,000
	Vinnur hlutastarf utan heimilis	-0,07562	1,000
	Vinnur fullt starf utan heimilis	-0,32396	0,441
	Er atvinnulaus	-0,24647	1,000
	Er öryrki	0,00080	1,000
	Er á eftirlaunum	-0,23572	1,000
	Er í skóla	-0,05078	1,000
	Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	-0,39891	0,542
Er með starfsemi sína heima	Heimavinnandi	0,24984	1,000
	Vinnur hlutastarf utan heimilis	0,17422	0,807
	Vinnur fullt starf utan heimilis	-0,07411	1,000
	Er atvinnulaus	0,00338	1,000
	Er öryrki	0,25064	0,854
	Er á eftirlaunum	0,01413	1,000
	Er í skóla	0,19906	1,000
	Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	-0,14907	1,000
Vinnur hlutastarf utan heimilis	Heimavinnandi	0,07562	1,000
	Er með starfsemi sína heima	-0,17422	0,807
	Vinnur fullt starf utan heimilis	-0,24833*	0,001
	Er atvinnulaus	-0,17085	1,000
	Er öryrki	0,07642	1,000
	Er á eftirlaunum	-0,16009	1,000
	Er í skóla	0,02484	1,000
	Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	-0,32329	0,205
Vinnur fullt starf utan heimilis	Heimavinnandi	0,32396	0,441
	Er með starfsemi sína heima	0,07411	1,000
	Vinnur hlutastarf utan heimilis	0,24833*	0,001
	Er atvinnulaus	0,07749	1,000
	Er öryrki	0,32475*	0,040
	Er á eftirlaunum	0,08824	1,000
	Er í skóla	0,27317	1,000
	Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	-0,07496	1,000
Er atvinnulaus	Heimavinnandi	0,24647	1,000
	Er með starfsemi sína heima	-0,00338	1,000
	Vinnur hlutastarf utan heimilis	0,17085	1,000
	Vinnur fullt starf utan heimilis	-0,07749	1,000
	Er öryrki	0,24726	1,000
	Er á eftirlaunum	0,01075	1,000

	Er í skóla	0,19568	1,000
	Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	-0,15245	1,000
Er öryrki	Heimavinnandi	-0,00080	1,000
	Er með starfsemi sína heima	-0,25064	0,854
	Vinnur hlutastarf utan heimilis	-0,07642	1,000
	Vinnur fullt starf utan heimilis	-0,32475*	0,040
	Er atvinnulaus	-0,24726	1,000
	Er á eftirlaunum	-0,23651	1,000
	Er í skóla	-0,05158	1,000
	Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	-0,39971	0,174
Er á eftirlaunum	Heimavinnandi	0,23572	1,000
	Er með starfsemi sína heima	-0,01413	1,000
	Vinnur hlutastarf utan heimilis	0,16009	1,000
	Vinnur fullt starf utan heimilis	-0,08824	1,000
	Er atvinnulaus	-0,01075	1,000
	Er öryrki	0,23651	1,000
	Er í skóla	0,18493	1,000
	Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	-0,16320	1,000
Er í skóla	Heimavinnandi	0,05078	1,000
	Er með starfsemi sína heima	-0,19906	1,000
	Vinnur hlutastarf utan heimilis	-0,02484	1,000
	Vinnur fullt starf utan heimilis	-0,27317	1,000
	Er atvinnulaus	-0,19568	1,000
	Er öryrki	0,05158	1,000
	Er á eftirlaunum	-0,18493	1,000
	Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	-0,34813	1,000
Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	Heimavinnandi	0,39891	0,542
	Er með starfsemi sína heima	0,14907	1,000
	Vinnur hlutastarf utan heimilis	0,32329	0,205
	Vinnur fullt starf utan heimilis	0,07496	1,000
	Er atvinnulaus	0,15245	1,000
	Er öryrki	0,39971	0,174
	Er á eftirlaunum	0,16320	1,000
	Er í skóla	0,34813	1,000

* $p < 0,05$

ANOVA

	Sum of Squares	Df	Mean Square	F	Sig.
Milli hópa	53,824	8	6,728	4,731	,000
Innan hópa	13351,541	9388	1,422		
Samtals	13405,364	9396			

Sjálfsmynd

Atvinnustaða móður	Atvinnustaða móður	Munur á meðaltölum	p-gildi
Heimavinnandi	Er með starfsemi sína heima	-0,19893	0,299
	Vinnur hlutastarf utan heimilis	-0,12856	0,715
	Vinnur fullt starf utan heimilis	-0,18109*	0,003
	Er atvinnulaus	0,08229	1,000
	Er öryrki	0,32614*	0,005
	Er á eftirlaunum	-0,08619	1,000
	Er í skóla	-0,11293	1,000
	Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	-0,00588	1,000
Er með starfsemi sína heima	Heimavinnandi	0,19893	0,299
	Vinnur hlutastarf utan heimilis	0,07037	1,000
	Vinnur fullt starf utan heimilis	0,01783	1,000
	Er atvinnulaus	0,28121	0,536
	Er öryrki	0,52506*	0,000
	Er á eftirlaunum	0,11274	1,000
	Er í skóla	0,08600	1,000
	Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	0,19305	0,784
Vinnur hlutastarf utan heimilis	Heimavinnandi	0,12856	0,715
	Er með starfsemi sína heima	-0,07037	1,000
	Vinnur fullt starf utan heimilis	-0,05253	1,000
	Er atvinnulaus	0,21085	1,000
	Er öryrki	0,45470*	0,000
	Er á eftirlaunum	0,04237	1,000
	Er í skóla	0,01563	1,000
	Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	0,12268	1,000
Vinnur fullt starf utan heimilis	Heimavinnandi	0,18109*	0,003
	Er með starfsemi sína heima	-0,01783	1,000
	Vinnur hlutastarf utan heimilis	0,05253	1,000
	Er atvinnulaus	0,26338	0,277
	Er öryrki	0,50723*	0,000
	Er á eftirlaunum	0,09491	1,000
	Er í skóla	0,06816	1,000
	Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	0,17521	0,112
Er atvinnulaus	Heimavinnandi	-0,08229	0,000
	Er með starfsemi sína heima	-0,28121	0,536
	Vinnur hlutastarf utan heimilis	-0,21085	1,000
	Vinnur fullt starf utan heimilis	-0,26338	0,277
	Er öryrki	0,24385	1,000
	Er á eftirlaunum	-0,16847	1,000
	Er í skóla	-0,19521	1,000
	Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	-0,08817	1,000
Er öryrki	Heimavinnandi	-0,32614*	0,005
	Er með starfsemi sína heima	-0,52506*	0,000
	Vinnur hlutastarf utan heimilis	-0,45470*	0,000
	Vinnur fullt starf utan heimilis	-0,50723*	0,000
	Er atvinnulaus	-0,24385	1,000
	Er á eftirlaunum	-0,41232	1,000
	Er í skóla	-0,43907*	0,004

	Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	-0,33202*	0,013
Er á eftirlaunum	Heimavinnandi	0,08619	1,000
	Er með starfsemi sína heima	-0,11274	1,000
	Vinnur hlutastarf utan heimilis	-0,04237	1,000
	Vinnur fullt starf utan heimilis	-0,09491	1,000
	Er atvinnulaus	0,16847	1,000
	Er öryrki	0,41232	1,000
	Er í skóla	-0,02674	1,000
	Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	0,08031	1,000
Er í skóla	Heimavinnandi	0,11293	1,000
	Er með starfsemi sína heima	-0,08600	1,000
	Vinnur hlutastarf utan heimilis	-0,01563	1,000
	Vinnur fullt starf utan heimilis	-0,06816	1,000
	Er atvinnulaus	0,19521	1,000
	Er öryrki	0,43907*	0,004
	Er á eftirlaunum	0,02674	1,000
	Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	0,10705	1,000
Er í skóla og vinnur líka utan heimilis	Heimavinnandi	0,00588	1,000
	Er með starfsemi sína heima	-0,19305	0,784
	Vinnur hlutastarf utan heimilis	-0,12268	1,000
	Vinnur fullt starf utan heimilis	-0,17521	0,112
	Er atvinnulaus	0,08817	1,000
	Er öryrki	0,33202*	0,013
	Er á eftirlaunum	-0,08031	1,000
	Er í skóla	-0,10705	1,000

* $p < 0,05$

ANOVA

	Sum of Squares	Df	Mean Square	F	Sig.
Milli hópa	98,502	2	12,313	8,572	,000
Innan hópa	13182,166	9177	1,436		
Samtals	13280,668	9185			